

# HÚSÖNDIN

11.tbl. 1.árg.  
18.apríl 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA

19.-25. APRÍL 2018



19.4 *Stefán Jón Pétursson*

20.4 *Gísli Rafn Jónsson*

21.4 *Júlía Brá Stefánsdóttir*

22.4 *Elías Davíð Harðarson, Gunnhildur Stefánsdóttir, Kristján Steingrímsson*

24.4 *Friðrik L. Jóhannesson, Jóhanna Jóhannesdóttir*

25.4 *Rósa Eik Gunnarsdóttir, Þórhalla Bergey Jónsdóttir*



Hinn óviðjafnanlegi Karlakór Kjalnesinga  
heimsækir Suður-Þingeyjasýslu um þessir mundir. Kórinn mun syngja  
fyrir gesti

Jarðabaðanna við Mývatn Sumardagskvöldið fyrsta, næstkomandi  
fimmtudag, kl. 20. Búast má við miklu tónaflóði í Jarðböðunum.

Kórinn mun svo syngja á Vorfagnaði Karlakórsins Hreims. Þar  
munu því mætast bestu kórar norðan og sunnan heiða og má búast  
við stórfenglegri skemmtan. Kórarnir munu syngja hvor í sínu lagi  
og svo sameinast í stórkostlegum söng sem enginn má missa af!  
Tónleikarnir verð haldnir laugardaginn 21. apríl kl. 20: 30 í Ýdölum.



## TÆMING ROTÞRÓA HEFST FLJÓTLEGA

Í samræmi við nýja rotþróarsamþykkt Skútustaðahrepps verða allar rotþrær hreinsaðar í ár og ástand þeirra metið. Verkval mun sjá um tæminguna og hefur samband við eigendur fyrir tæmingu.

Afar mikilvægt er að eigendur rotþróa undirbúi vel aðgengi að rotþróum svo ekki þurfi að koma til greiðslu endurkomugjalds.

Rotþróarsamþykkt og gjaldskrá sveitarfélagsins má sjá á heimasíðu okkar, [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is), undir stjórnsýsla – gjaldskrá.



## OPIÐ SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU

Sveitarstjórn hefur samþykkt að leigja út gamla leikskólahúsnæðið í opnu rými að Hlíðavegi 6 sem skrifstofuaðstöðu og/eða vísir að þekkingarsetri. Aðstaðan verður tekin í gagníð í maí.

Áhugasamir er beðnir að senda tölvupóst á [thorsteinn@skutustadahreppur.is](mailto:thorsteinn@skutustadahreppur.is) eða hafa samband við skrifstofuna þar sem sveitarstjóri veitir nánari upplýsingar.



## UMSJÓNARAÐILI SKJÓLBREKKU

Félagsheimilið Skjólbrekka auglýsir eftir umsjónaraðila. Um tímavinnu er að ræða.

Umsjónaraðili hefur umsjón og eftirlit með félagsheimilinu í tengslum við viðburði á vegum sveitarfélagsins eða sem sveitarfélagið hefur leigt þriðja aðila og tekur á móti leigutökum og heldur utan um þrif o.fl. samkvæmt starfslýsingu. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Umsóknir skal senda á [thorsteinn@skutustadahreppur.is](mailto:thorsteinn@skutustadahreppur.is). Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl n.k. (athugið framlengdur umsóknarfrestur).

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Skútustaðahrepps (Stjórnsýsla-Eyðublöð).



MENNINGARMIÐSTÖÐ PINGEYINGA

# Starf forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Pingeyinga

**Menningarmiðstöð Pingeyinga auglýsir starf  
forstöðumanns laust til umsóknar.**

Vilt þú leiða menningarstarf í Pingeyjarsýslu?

Leitað er að kraftmiklum, metnaðarfullum einstaklingi, sem er vanur sjálfstæðum vinnubrögðum, frumkvæði í störfum og á auðvelt með samskipti við fólk.

## **Starfssvið:**

Starfið felur í sér framkvæmdastjórn að því er varðar stefnumótun, þróun, rekstur og alla almenna starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar.

- Rekstur og fjármálastjórn
- Starfsmannamál
- Uppbygging sýninga og viðburðahald
- Samstarf við stjórn og aðra hagaðila
- Samstarf við innlend og erlend söfn og samtök tengd starfinu

## **Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólanám á menningarsögulegum grunni; safnfræði, sagnfræði, fornleifafræði eða skyldum greinum sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af safnastarfi og/eða öðru menningarstarfi
- Stjórnunarreynsla og/eða menntun í stjórnun.
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð kunnátta í íslensku bæði í riti og framsögn. Færni í ensku og norðurlandamálum.

Menningarmiðstöð Pingeyinga er sjálfseignarstofnun á vegum pingeyskra sveitarfélaga. Undir Menningarmiðstöð Pingeyinga heyrir m.a. starfsemi byggðasafna, héraðskjalasafns og ljósmyndasafns Pingeyinga. Einnig rekstur bókasafns Norðurlþings. Á vegum stofnunarinnar eru fjórir sýningarstaðir og skrifstofur og heilsársstarfsemi er í Safnahúsinu á Húsavík.

Menningarmiðstöðin er viðurkennt safn sem hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2012. Stofnunin tekur þátt í samstarfi safna og safnamanna innanlands og á alþjóðavísu.

Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga Launaneftndar sveitarfélaga við aðildarfélög BHM.

Nýr forstöðumaður þarf að geta tekið til starfa í ágúst nk.

### **Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.**

Umsóknir sendist í tölvupósti á: [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is)

Upplýsingar um starfið veita: Árni Pétur Hilmarsson, formaður stjórnar Menningarmiðstöðvar Pingeyinga í síma, netfang [arni@thingeyjarsveit.is](mailto:arni@thingeyjarsveit.is) og Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Pingeyinga,

sími 896 8218, netfang [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is)



## **GEOTRAVEL**

Geo Travel í Mývatnssveit auglýsir eftir starfsfólki fyrir sumarið. Um er að ræða fjölbreytt starf sem hægt er að laga að styrkleikum umsækjanda. Við erum bæði að leita að einstakling sem vill taka að sér ökuleiðsögn en einnig er möguleiki á hlutastarfi við akstur án leiðsagnar, umsjón með bílum og gerð reikninga.

Hægt verður að fá húsnaði í starfsmannaíbúð ef þarf.

Frekari upplýsingar veitir Anton Freyr í síma: 846-9052

Vinsamlegast sendið umsóknir á: [anton@geotrail.is](mailto:anton@geotrail.is)



# SÍÐASTA LAUGARDAGSGANGAN

Síðasta laugardagsgangan verður 21. apríl n.k. kl. 11:00.  
Þetta eru léttar og skemmtilegar göngur sem taka 1-2 klst  
í góðum félagsskap.



Gönguleiðin auglýst daginn áður, fylgist með  
heimasíðu Skútustaðahrepps  
og á Facebook.

**ALLIR VELKOMNIR!**  
Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag

Göngum við úr garði sveitt  
Glöð í sinni mætum  
Birtist selið við oss breitt  
Bros og aðra kætum

## LOKAÐ Í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI SUMARDAGINN FYRSTA

Athugið að íþróttamiðstöðin verður lokað sumardaginn fyrsta,  
fimmtudaginn 19. júní.  
Nýtum daginn í að hreyfa okkur úti.  
Gleðilegt sumar!

**Íþróttamiðstöðin**



Vegna endurnýjunar á stofnæð verður lokað fyrir  
heitt vatn mánudaginn 23. apríl frá kl 09.00  
og fram eftir degi.

**Hitaveita Skútustaðahrepps**



# Gerum okkur mat úr jarðhitnum

Hugmyndasamkeppni  
um matvælafram-  
leiðslu með jarðhita  
á Norðausturlandi

1. VERÐLAUN 2.000.000 KR. 2. VERÐLAUN 500.000 KR.

Nánari upplýsingar á:  
[eimur.is](http://eimur.is)



Eimur, í samstarfi við Íslensk verðbréf, Matarauð Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, kallar eftir hugmyndum sem stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda á Norðurlandi eystra. Hugmyndir mega vera á hvaða stigi sem er og fela í sér allt frá framleiðslu á hráefnum til fullunninnar matvöru.

- Skilafrestur til **15. maí**
- Þátttaka öllum opin
- Ekki nauðsynlegt að skila inn nákvæmum teikningum
- Sérstök áhersla á sjálfbærni og samvinnu ólíkra aðila

[www.eimur.is](http://www.eimur.is)





Sumarið er að koma og því ætlum við að halda hrossakjötsveislu á fimmtudaginn 19.04 sumardaginn fyrsta.

Frá 19:00 til .....

Saltað hrossakjöt með tilheyrandi verð 1.500.- á mann

Og öl á allvöru sumarverði

Hægt er að panta borð í síma 698-6810

## SUMARVINNA Í KJÖRBÚÐINNI Í REYKJAHLÍÐ



Óskum eftir að ráða fólk til starfa í sumar.

Um er að ræða almenn verslunarstörf.

Æskilega að umsækjendur séu ekki yngri en 16 ára.

Möguleiki er á hlutastarfi.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 464-4466 eða [reykjahlid@kjobrudin.is](mailto:reykjahlid@kjobrudin.is)

**Ella og Steindi**





# KYNNING Á TILLÖGU AÐ DEILISKIPULAGI VEGNA FYRIRHUGAÐRAR SMÁVIRKJUNAR VIÐ DREKAGIL.


Neyðarlínan ohf áformar að koma upp smávirkjun í ána sem rennur úr Drekaágili í þeim tilgangi að rafvæða fjarskiptastöð fyrirtækisins á Vaðöldu. Gert er ráð fyrir að sumarrennsli dugi fyrir um 30 kW orkuframleiðslu, og áætlað vetrarrennsli fyrir um 10 kW. Áætlað er að fjarskiptastöðin muni nota um 5 kW, og umframorka yrði nýtt til að halda varma á skálinum í Dreka.

Fyrirhuguð fallpípa frá inntaki yrði um 300 m að lengd og 0,5 m í þvermál og er hún niðurgrafin alla leið, norðan árinnar, að um 8 m<sup>2</sup> stöðvarhúsi sem staðsett yrði um 600 m suðaustan við skálana. Gert er ráð fyrir að leggja um 10 km langan jarðstreng frá fyrirhugaðri virkjun að fjarskiptastöðinni á Vaðöldu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi mun kynna deiliskipulagstillöguna n.k. mánudag 23. apríl frá kl. 15:00 til kl. 17:00 á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6 í Reykjahlíð, fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum, sem þess óska. Tillagan, sem kynnt verður verður skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður einnig aðgengileg á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://skutustadahreppur.is> undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur efst á forsiðu). Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjalin,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

## LÍFIÐ ER STUTT EN LISTIN LÖNG





## SAGAN AF BLEIKKOLLU

Rostungurinn Bleikkolla er að vakna. Hún er að verða 3gja ára gömul og er ennþá með móður sinni Róshettu. Þær halda til við Vestur Svalbarða eða Spitsbergen eins og það heitir á norsku. Þær eru við Ísafjorden ásamt fleiri urtum. Þegar Bleikkolla fæddist var hún 50 kíló að þyngd og með hár á kroppnum. Hún drakk mjólk úr mömmu sinni og það er kjarnmikil fæða og nóg af henni því Róshetta hefur 4 spena eins og aðrar rostungsmæður. Ungarnir eru á spena í 1,5 ár og eru þá orðnir hárlausir en móðirin heldur áfram að veiða handa þeim þangað til þeir eru orðnir 2,5 ára gamlir.

Nú er Bleikkolla því að verða sjálfbjarga og er að hugsa um að færa sig til og fara með vinkonum sínum suður á bóginn og fylgja ísröndinni. Þær mæðgurnar liggja á steini og teygja makindalega úr sér. Umhverfið er sérstætt – há fjöll rísa brött upp frá sjónum, en við Ísfjorden er undirlendið einna mest. Í norðri gnæfir svo hæsta fjallið Newtontoppen sem er 1717 metrar á hæð. Jökull þess er baðaður í morgunsól og öll náttúran eins og stendur á öndinni yfir tign og friði þessa fallega lands. Þær mæðgurnar eru svangar og brátt rennir Rósetta sér út í sjóinn og kafar eftir nokkrum skeljum sem hún gefur Bleikkollu í morgunmat. Sjálf etur hún fisk sem nóg er af við ísröndina.

Bleikkolla hefur aldrei þekkt pabba sinn Stóra- Bögga, en hann var foringinn á meðal rostunganna í sínum hópi og var gríðar stór, 4 metra langur og 2 tonn að þyngd. Hann er líka með höggtennur sem eru 1 metri á lengd, en þær notar hann til að plægja upp botninn þegar hann er að leita sér að æti.

Bleikkolla hefur verið áhyggjulaus og leikið sér við hina kópana hingað til. En nú er alvara lífsins að byrja. Hún kveður því móður sína og syndir ásamt vinkonum sínum í suðurátt. Hún er forvitin og fylgist með öllu sem fram fer í kring um hana. Nú eru höggtennur hennar að verða full vaxnar og hún kafar því niður á botn og rótar til þangað til hún finnur nokkrar samlokur og ígulker. Einnig finnst henni gott að éta báruskel, smyrsling og kúskel.



Dagurinn líður og hópurinn heldur sig við ísbrúnina. Allt í einu kveður við baul og síðar öskur. Sjá þær þá hóp af brimlum hinum megin við fjörðinn. Svo koma þeir öslandi í áttina til Bleikkollu og vinkvenna hennar. Þarna var einn brimill sem bar af öðrum og Bleikkolla ákvað að hún ætlaði að verða kærastan hans. Þegar hann nálgadist stakk hún sér í sjóinn og synti til hans. Þessi brimill hét Kollur og var mjög skemmtilegur. Þau fóru í eltingaleik og klukk-klukk og ýmsa aðra leiki. Og þegar þau voru orðin svöng fengu þau sér bara ískóð að borða eða samlokur. Um nætur þegar tunglið var komið upp sváfu þau saman á ísnum og létu vel hvort að öðru. Þá hló tunglið svo undir tók í fjöllun.

Einstöku refur rak upp gól við og við en annars var allt hljótt. Næturnar voru að lýsast og brátt mundi miðnætursólin skína á þau alla nóttina. Snæhéarar voru að skjótast á milli hola og sumir risu upp á afturfætturna og skimuðu í allar áttir til að vera vissir um að engin hætta væri á ferðum. Brátt mundu ungarnir þeirra koma út úr holunni og fara að kynna sér veröldina.

Allt í einu heyrðist skip blása. Stórt skemmtiferðaskip nálgadist höfnina í Longyerbyen. Sumarið var komið og þá var von á mörgum gestum til Spitsbergen. Bleikkollu og Kolli var nokkuð sama um þá en héldu áfram að láta sér líða vel. Þau dreyndi um að eignast lítinn kóp og við vonum að draumur þeirra hafi ræst.

Sólveig Illugadóttir

## KÆRU VINIR!

Í ljósi þess að ég varð þrítugur á dögnum ætla ég að blása til veislu.

Veislan verður haldin að Geiteyjarströnd 1, 28. apríl og hefst hún kl.19:30. Húsið verður öllum opið og ég vonast til að sjá ykkur sem flest.

Kær kveðja Helgi Hèðins